

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fjöruvistgerðir í Þorskafirði, Djúpafirði og Gufufirði

Vestfjarðarvegur frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi



Cristian Gallo

September 2026
NV nr. 17-26

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		**Dagsetning Mán/ár:** September 2026
Skýrsla nr.: NV nr. 17-26	**Verknúmer:** 580	**Dreifing:** ☒ **Opin** ☐ **Lokuð til:** ☐ **Háð leyfi verkkaupa**
Höfundur: Cristian Gallo	**Verkstig:** Lokaskýrsla	
Heiti skýrslu: Fjöruvistgerðir í Þorskafirði, Djúpafirði og Gufufirði. Vestfjarðarvegur frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi .		**Unnið fyrir:** Vegagerðina
		Verkefnastjóri: Cristian Gallo

Útdráttur:
Vegagerðin vinnur að vegagerð um Vestfjarðaveg (60) milli Bjarkalundar og Skálaness. Áður en framkvæmdir hófust var safnað grunngögnum um lífríki svæðisins sem síðar verða notuð til samanburðar 3, 6, og 10 árum eftir að framkvæmdum við þverun fjarðanna verður lokið. Þessi skýrsla fjallar um vistgerðir fjara nálægt framkvæmdasvæðunum og á völdum stöðum innan fyrirhugaðra landfyllingasvæða. Um er að ræða grunnathugun á fjörumhverfinu sem getur orðið fyrir líffræðilegum breytingum vegna breyttrar seltu, sjávarstrauma og setburðar.
Úttekt á fjörum var framkvæmd á stórstraumsfjöru og var fjaran metin á tveimur ólíkum rýmislegum skölum. Yfirlitsmat á stórum skala var notað til að lýsa búsvæðum víðsvegar um fjöruna en ítarlegra mat var framkvæmt á völdum stöðvum. Á hverri stöð var ítarlega matið framkvæmt í 9 römmum sem hver um sig var 1 × 1 m. Við úttektina var safnað upplýsingum um gerð botnsets, þörungasamfélög, dýrasamfélög og útbreiðslu marhálms (*Zostera marina*). Teknar voru 54 stöðvar í Þorskafirði, 41 í Djúpafirði og 27 í Gufufirði.
Vistgerðaflokkunin sem hér er notuð fylgir að mestu íslenskri vistgerðaflokkun samkvæmt Fjölriti 54 (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016). Sú flokkun notar hugtakið einkennistegund en við notum þó vistgerðina pípuormaleira í samræmi við rannsóknir Agnars Ingólfssonar (Agnar Ingólfson, 1975).
Í Þorskafirði voru marhálmsgræður og sandmaðksleirur algengustu vistgerðirnar. Þær voru vestan megin við landfyllingarnar en kræklingaleirur með marhálmi austan megin. Fjaran við Hallsteinsnes í Djúpafirði og Gróunes í Gufufirði einkenndist af klöppum sem teygðu sig fram frá þurrlendi niður í fjöruna og voru klappirnar að mestu vaxnar klóþangi. Á milli þeirra var setfjara með sandmaðki en neðar í fjörunni var belti marhálms. Djúpafjarðameginn við Gróunes og við Melanes einkenndist fjaran af tveimur meginbeltum: sandmaðksleiru ofar í fjörunni og marhálmsbelti neðar. Þangvaxnir hnullungar voru nokkuð algengir á öllu svæðinu.
Útbúið var vistgerðakort fjara í fjörðunum þremur. Kortin voru unnin ofan á loftmyndir og verða grunnur fyrir áframhaldandi rannsóknir.

Lykilorð: Fjara, fjöruvistgerðir, Þorskafjörður, Gufufjörður, Djúpifjörður, vegagerð, marhálmur, sandmaðksleirur, algae	**Keywords:** Sea shore, shore ecosystem, Þorskafjörður, Gufufjörður, Djúpifjörður, road construction, ellgrass, *Arenicola marina* mudflat, þang

EFNISYFIRLIT

Inngangur 3
Rannsóknarsvæði 3
Aðferðir 4
Úrvinnsla á rannsóknarstofu 6
Gagnavinnsla 6
Vistgerðir 6
Mat og sýnataka 8
Þorskafjörður 8
Djúpifjörður 8
Gufufjörður 8
Niðurstöður 9
Þorskafjörður 10
Djúpifjörður 11
Gufufjörður 13
Umræður 14
Heimildir 17
Þakkir 18
Viðauki I 19

INNGANGUR

Vestfjarðarvegur (60) milli Bjarkalunds og Skálaness þverar þrjá firði: Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð. Við þveranirnar voru byggðar brýr en jafnframt landfyllingar sem hafa áhrif á náttúrulega strauma í fjörðunum. Reykhólahreppur setti þau skilyrði (Reykhólahreppur, 2020) að framkvæmdirnar skyldu vera vaktaðar í samræmi við 8. kafla umhverfismatsskýrslunnar (Helga Aðalgeirsdóttir og fl., 2017).

Markmið þessarar grunnúttektar var að afla þekkingar á vistkerfi fjarðanna áður en framkvæmdir hófust svo hægt væri að nýta þær niðurstöður til samanburðar 3, 6, og 10 árum eftir að framkvæmdum við þverun fjarðanna er lokið (Hulda B. Albertsdóttir og fl., 2021; Hulda B. Albertsdóttir og fl. óbirt).

Um er að ræða grunnathugun á fjörumhverfinu sem getur orðið fyrir líffræðilegum breytingum vegna breyttrar seltu, sjávarstrauma og setburðar. Við úttektina var safnað upplýsingum um gerð botnsets, þörungasamfélög, dýrasamfélög og útbreiðslu marhálms (*Zostera marina*) nálægt framkvæmdasvæðunum og á völdum stöðum innan fyrirhugaðra landfyllingasvæða. Upplýsingarnar voru síðan nýttar til að útbúa vistgerðakort af fjörum í fjarðanna þriggja. Kortin voru unnin ofan á loftmyndir eða drónamyndir og verða grunnur fyrir áframhaldandi rannsóknir.

RANNSÓKNARSVÆÐI

Rannsóknarsvæðin eru staðsett norðaustan megin í Breiðafirði. Yfirlit yfir svæðið má sjá á korti 1.
Í öllum þremur fjörðunum verða þveranirnar á milli vatnshlotsins Breiðafjörður- friðland (101-1393-C) og vatnshlota í innri hluta hvers fjarðar. Innra vatnshlot Þorskafjarðar (101-1271-C) er 5 km^2, vatnshlot Djúpafjarðar (101-1272-C) 6 km^2 og vatnshlot Gufufjarðar (101-1273-C) 2,8 km^2. Öll þrjú vatnshlotin eru flokkuð sem skjólsæl strönd með fullsöltum sjó (<30 psu), með meðalvatnshita vetrar á bilinu 4-7°C og sjávarföll með nokkrum mun eða á bilinu 1–5 m (Vatnavefsjá, 7.4.2026).

Nokkrar ár renna í þessi strandsjávarvatnshlot: Hjallaá, Múlaá, Þorskafjarðará og Kinnarstaðaá í Þorskafirði, Djúpadalsá og Hálsá í Djúpafirði og Gufudalsá og Brekkuá í Gufufirði. Öll þessi vatnshlot, bæði strandsjávar- og ferskvatnshlot, falla undir vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum nr. 54/1995.

Rannsóknir á vistgerðum fjaranna voru fyrst gerðar árið 1975 af Agnari Ingólfssyni (1976) og síðar voru athuganir á dýrasamfélögum fjaranna gerðar á afmörkuðum stöðum á þeim árum er verið var að skoða hvar best væri að þvera firðina (Þorleifur Eiríkssonog Böðvar Þórisson, 2005). Náttúrufræðistofnun Íslands gerði grunnvistgerðakort af fjörum landsins sem má finna á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016).

Kortlagning var gerð á útbreiðslu marhálms á rannsóknarsvæðinu árið 2016 (Hafdís Sturlaugsdóttir, 2016) og samhliða þessari rannsókn var gerð sérstakar þekjumælingar marhálmi (Hulda Birna Albertsdóttir, 2025). Yfirlit annarra rannsókna má finna í Halldóra Skarphéðinsdóttir og Karl Gunnarsson, 1997.




Kort 1. Athugunasvæði í Gufudalssveit (mynd fengin af heimasíðu Vegagerðarinnar 2.9.2026).

AÐFERÐIR

Úttekt á fjörum var framkvæmd á stórstraumsfjöru á svæðum nálægt fyrirhuguðum framkvæmdum og á völdum stöðum innan fyrirhugaðra landfyllinga í mið og innri hlutum fjarðanna. Rannsóknin beindist að setfjörum fremur en grýttum fjörum.
Fjaran var metin á tveimur ólíkum rýmislegum skölum. Yfirlitsmat á stórum skala var notað til að lýsa búsvæðum víðsvegar um fjöruna, en ítarlegra mat var framkvæmt á völdum stöðvum meðfram sniðum sem staðsett voru í um það bil 100, 200 og 500 m fjarlægð frá landfyllingum þar sem mögulegt var.
Í yfirlitsmatinu var safnað almennum upplýsingum um gerð botnsets, hlutfallslega þekju steina með þangi, ríkjandi þörungategundir og hlutdeild þeirra, tilvist og þekju marhálms, auk tilvistar ólíkra dýrategunda.

Ítarlegt mat og sýnataka fóru fram á völdum stöðvum til að afla upplýsinga sem ekki var unnt að fá með yfirlitsmati og til að lýsa einstökum búsvæðagerðum betur. Við ítarlega matið var rammi, 1 × 1 m að stærð, lagður í fjöruna og velt yfir 25 m^2 svæði og mat framkvæmt í 9 römmum samkvæmt mynd 1. Innihaldi rammanna níu var lýst sjónrænt á vettvangi. Lýst var gerð botnsets, þ.e. leir, silt, fínn eða grófur sandur, möl, hnullungar og stórgrýti auk þess sem dýpi mjúks sets var mælt. Þá var einnig skráð yfirborðsþekja marhálms og stórþörunga, tilvist dýra og fjöldi einstaklinga af tegundinni sandmaðki (*Arenicola marina*). Sýnum af þörungum sem ekki var hægt að greina á staðnum var safnað til tegundagreiningar. Tekin var mynd af öllum römmum.

Til að kanna nánar dýrasamfélög fjörunnar voru einnig tekin setsýni innan 20 × 20 cm ramma. Setsýnin voru tekin innan ramma 1, 5 og 9 (mynd 1) og sett í 4 L plastílát. Að minnsta kosti 5 efstu cm af botnseti var safnað, eða þar til setið var orðið of þétt til sýnatöku. Einstaka undantekningar voru á stærð heildarflatarmáls matssvæðis (sjá nánar í kaflanum mat og sýnataka).



Mynd 1. Skýringarmynd af rannsóknarreitum fyrir ítarlegt mat. Rauðir rammar sýna hvar setsýni voru tekin innan stærri rammanna sem númeraðir voru frá 1-9.

Til að meta dýrasamfélög voru einnig tekin steina og þörungasýni. Þörungar voru klipptir af steinum og settir í poka. Steinar voru fyrst þvegnir með sjó og síðan skrapaðir ofan í ílát; skolvatnið var síðan sigtað í gegnum 0,5 mm sigti áður en sýninu var pakkað. Steinar voru ljósmyndaðir svo hægt væri að mæla yfirborðsflatarmál þeirra síðar.

Úrvinnsla á rannsóknarstofu

Þörungar fyrir dýrasýni voru skolaðir með sjó og dýrum safnað. Þar á eftir voru þörungarnir vigtaðir og lengd þeirra mæld.

Setsýni voru vot-sigtuð, fyrst í gegnum 4 mm sigti til að aðskilja möl, skeljabrot og stærri dýr úr heildarsýnum. Efni sem var fínna en 4 mm var síðan sigtað í gegnum 0,5 mm sigti til að fjarlægja silt. Öll sýni, þ.e. set sem sat eftir í 0,5 mm sigtinu, skolsýni af þörungum og skröpunarsýni af steinum, voru varðveitt í formalíni sem var pH- jafnað með bóraxi.

Dýrasýnum var síðan skipt í 2, 4 eða 8 hlutsýni eftir rúmmáli. Dýr voru flokkuð og greind til tegunda með aðstoð greiningarlykla. Hlutsýni þörunga voru send til Karls Gunnarssonar hjá Hafrannsóknastofnun til staðfestingar á greiningum og til að greina tegundir sem ekki voru ákvarðaðar á vettvangi.

Gagnavinnsla

Vistgerðir voru ákvarðaðar út frá bæði yfirlitsmati og ítarlegu mati. Tekið var meðaltal af niðurstöðum rammasýna ítarlega matsins, yfirleitt níu rammar á hverri stöð. Einnig var tekið meðaltal niðurstaða dýrasýna en þar voru yfirleitt þrjú sýni á hverri stöð. Tegundasamsetning dýra úr steina- og þörungasýnum er aðeins talin gefa mynd af dýrasamfélagi svæðisin en er ekki hugsað sem tæmandi yfirlit.

VISTGERÐIR

Fjaran er flókið líffræðilegt kerfi sem samanstendur af bæði mörgum gerðum og samsetningu botnsets, dýrasamfélaga, þörungasamfélaga og plantna. Vegna þessarar flóknu samsetningar er nákvæm flokkun fjöruvistgerða erfið og krefst ákveðinna málamiðlana. Flokkunin sem hér er notuð fylgir að mestu íslenskri vistgerðaflokkun samkvæmt Fjölriti 54 (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016). Sú flokkun byggir á EUNIS-kerfinu og notar hugtakið einkennistegund en skilgreinir ekki viðmið eða þröskulda fyrir slíkar tegundir. Í sumum tilfellum þar sem fleiri en ein einkennistegund var til staðar voru þær merktar í viðbót við flokkinn. Í sumum tilvikum var óljóst í hvaða vistgerð svæði skyldi falla undir og svo þau voru merkt sem óflokkuð.

Þrátt fyrirað flokkunin sem notuð er í þessari rannsókn fylgi að mestu íslensku vistgerðaflokkuninni notum við þó vistgerðina *pípuormaleira* í samræmi við rannsóknir Agnars Ingólfssonar (Agnar Ingólfson, 1975). *Pípuormaleira* einkennist af pípubyggjandi burstaormum (*Fabricia stellaris* eða *Pygospio elegans)*, oft með ánum.

Á grundvelli þessa er hér sett fram vistgerðaflokkun sem er hugsuð sem ítarlegur grunnur til að meta framtíðarbreytingar:

Sandmaðksleirur

Leirur eða sandfjörur þar sem sandmaðkshraukar eru ≥ 3 einstaklingar/m^2 (taldir á vettvangi) og þekja þangvaxinna steina er < 30%. Litur á kortum: gulur.

Marhálmsgræður
Leirur þar sem marhálmur hefur ≥ 30% þekju. Skipt í tvær vistgerðir:

Þekja ≥ 55%, dökkgrænn.

Þekja ≥ 30% og < 55%, ljósgrænn.

Pípuormaleirur
Leirur með mikinn þéttleika *Fabricia stellaris*, *Pygospio elegans* og ána. Fjöldi sandmaðkshrauka er < 3 einstaklingar/m^2 og þekja þangvaxinna steina er < 30%. Litur: ljósblátt.

Pípuormaleirur/þangklungur
Leirur með mikinn þéttleika *Fabricia stellaris*, *Pygospio elegans* og/eða ána, ásamt umtalsverðri þekju þangvaxinna steina. Fjöldi sandmaðkshrauka er < 3 einstaklingar/m^2 og þekja þangvaxinna steina er ≥ 30% en minni en 60%. Litur: ljósblár með röndum.

Kræklingaleirur
Grófsendnar fjörur oft með möl og smásteinum þar sem kræklingur (*Mytilus edulis*) vex í samfelldum klösum. Litur: fjólublár.

Kræklinga- og sölvaóseyrar
Grófsendnar fjörur oft með möl og smásteinum við árósa þar sem kræklingur vex í samfelldum klösum og söl (*Palmaria palmata*) finnst. Litur: ljósbrúnn.

Þangfjörur á skjólsælum strandsvæðum
Klappir eða stórgrýti með klóþangi (*Ascophyllum nodosum*) eða bóluþangi (*Fucus vesiculosus*). Litur: appelsínugulur.

Klóþang ríkjandi, bóluþang < 20%: Klóþangsfjara.

Bóluþang ríkjandi, klóþang < 20%: Bóluþangsfjara.

Klóþangklungur
Þangfjörur á skjólsælum strandsvæðum þar sem hnullungar eða stórgrýti eru með ≥ 60% þangþekju en leir- eða sandfjara er < 30%. Klóþang er ríkjandi tegund. Litur: ljósappelsínugulur.

Óflokkað
Leir- eða sandfjara á skjólsælu strandsvæði þar sem fjöldi *Arenicola marina* er < 3 einstaklingar/m^2, þekja *Zostera marina* er < 30%, þekja þangvaxinna steina er < 30% og pípubyggjandi burstaormar og/eða ánar eru ekki í miklum þéttleika. Litur: bleikur.


Þaraskógur
Litur: dökkblár.

Líflitlar sandfjörur, gljúp leðja, brimasamar sandfjörur eða óseyrar:
Líflitlar eða líflausar þykkar leirur, berar sandfjörur eða grófsettar óseyrar. Litur: grár.

MAT OG SÝNATAKA

Þorskafjörður

Athuganir fóru fram dagana 1.-3. nóvember 2020 og 17.-19. nóvember 2020. Strandlínan var könnuð frá Þórisstöðum í norðri að Kinnarstöðum í suðri, með áherslu á svæði nálægt landfyllingu og í botni fjarðarins. Tvö svæði í miðjum firði, við Vaðilseyri og Reiðsker, voru einnig könnuð. Vegna takmarkaðrar dagsbirtu var fjöldi endurtekninga með ramma á hverri stöð minnkaður niður í þrjár (mynd 2). Yfirlit yfir rannsóknarsvæði má sjá á korti 2.



Mynd 2. *Skýringarmynd af rannsóknarreitum fyrir ítarlegt mat. Rauður rammi sýnir hvar setsýni voru tekin.*

Athuganir voru gerðar á 54 stöðvum, þar meðtalið tveim stöðvum (nr. 53 og 54) á sjávarbotni í miðjum firðinum. Setsýni voru tekin á 37 stöðvum. Á 34 stöðvum voru setsýnin 3 en á hinum fengust einungis eitt eða tvö. Þrjátíu og eitt þörungasýni var skolað til að safna dýrum. Steinasýni voru aðeins tekin á stöð 44 þar sem eldri heimildir voru um snigilinn *Ecrobia ventrosa* á því svæði (Ingimar Óskarsson, Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson, 1977).

Djúpifjörður

Athuganir fóru fram dagana 9.-11. ágúst 2021 og 6.-8. september 2021. Strandlínan var könnuð við Hallsteinsnes og Gróunes. Matið náði einnig til svæða við Hólmarif og tvö svæði í miðjum firði, Barma og Torfnes. Yfirlit yfir rannsóknarsvæði má sjá á korti 2.


Farið var á 41 stöð. Á 20 stöðvum voru tekin setsýni; 15 stöðvar með þrjú sýni, tvær með tvö sýni og þrjár með eitt sýni. Sýnataka af steinum og þörungum fór fram á 17 stöðvum og skilaði 40 steinasýnum og 32 dýrasýnum með skolun þörunga.

Gufufjörður

Dagana 9.-11. ágúst og 6.-8. september 2021 voru gerðar athuganir meðfram ströndinni, einkum á svæðum nálægt landfyllingu við Gróunes og Melanes. Sýni í fjarðarbotni voru

tekin við Naustanes og Fit þann 14. nóvember 2023. Yfirlit yfir rannsóknarsvæði má sjá á korti 2.

Athuganir voru gerðar á 27 stöðvum. Alls 47 dýrasýni voru tekin á 17 stöðvum. Þrjú sýni á hverri stöð nema á stöðvum G16 og G17 þar sem tekið var eitt sýni á hvorri stöð. Alls 25 steinasýni voru tekin á 11 stöðvum, og 19 dýrasýni fengust með skolun þörunga á sömu stöðvum.



Kort 2. Rannsóknarsvæði, afmörkuð með gulu, þar sem úttektir og sýnataka fóru fram í fjörðunum. Fyrirhuguð veglína er merkt rauð.


NIÐURSTÖÐUR

Samantekt með hnitum og fjölda mismunandi sýna sem tekin voru á hverri stöð er í töflum 1–3.
Samantekt mats úr römmum er í töflum 4–6 og gögn um dýrasamfélög úr setsýnum sem tekin voru innan ramma eru í töflum 7–9.
Samantekt upplýsinga um steina og þörunga sem tekin voru til að kanna dýrasamfélög er í töflum 10–12.
Samantekt dýrasamfélaga sem fundust í steinasýnum er í töflum 13–15 og í þörungasýnum í töflum 16–17. Fjöldi dýra úr steinasýnum var staðlaður við 100 cm^2, en ekki var staðlað fyrir þörungasýni þar sem þörungategundir sýndu mikinn mun í fjölbreytni og fjölda dýra.
Til að útbúa samræmt kort og draga úr fjölda óflokkaðra stöðva þurfti að gera nokkrar málamiðlanir í vistgerðaflokkun fyrir fáeinar stöðvar. Stöðvar Þ38, D7, D20, D29 og D37


voru flokkaðar sem sandmaðksleirur, þótt fjöldi sandmaðks væri á bilinu 2-3 einstaklingar/m^2, og stöð Þ40 var einnig flokkuð þannig þótt þekja steina/þangs væri um 40%.
Stöðvar G3 og D14 voru flokkaðar sem marhálmsgræður, þótt þekja marhálms væri metin 20% á G3 og 15% á D14.
Stöð G1 var flokkuð sem klóþangklungur, þótt þekja steina/þangs væri 15%. Ástæðan var sú að á milli steinanna var líflítil gljúp leðja.
Listi yfir þangtegundir sem Karl Gunnarsson greindi í hlutsýnum af söfnuðum þörungum er í töflu 18, en ekki er hægt að útiloka tilvist annarra tegunda.

Þorskafjörður

Fjöruvistgerðir sem fundust í Þorskafirði, ásamt staðsetningu sýnatökustöðva, eru sýnd á kortum 3 og 4.
Algengustu vistgerðirnar í Þorskafirði voru marhálmsgræður og sandmaðksleirur. Í kringum landfyllingar voru marhálmsgræður og sandmaðksleirur vestan megin, en kræklingaleirur með marhálmi austan megin.
Dæmigert beltamynstur sást víða um fjörðinn allt inn að Vaðli, þar sem þangríkar klappir voru efst í fjörunni, neðan þeirra tók við belti sandmaðksleira og neðan sandmaðksbeltisins varð marhálmur yfirleitt ríkjandi, nema á svæðum þar sem áhrifa ferskvatns gætti.
Innan við Vaðal, í átt að innri hluta fjarðarins, hvarf marhálmur smám saman. Leirurnar í fjarðarbotninum einkenndust fyrst og fremst af sandmaðki með pípuormum.



Kort 3. Vistgerðir og staðsetning sýnatökustöðva í Þorskafirði í grennd við landfyllinguna. Landfyllingin sést á myndinni en var gerð eftir að könnunin fór fram.



Kort 4. Vistgerðir og staðsetning sýnatökustöðva í innri hluta Þorskafjarðar.

Djúpifjörður


Kort af fjöruvistgerðum sem fundust í Djúpafirði, ásamt staðsetningu sýnatökustöðva, eru sýnd á kortum 5 og 6.

Fjaran við Hallsteinsnes einkenndist af klöppum sem teygðu sig fram frá þurrlendi niður í fjöruna og voru að mestu vaxnar klóþangi. Á milli þeirra var setfjara með sandmaðki, en neðar í fjörunni var belti marhálms. Þetta marhálmsbelti var mjórra á svæðinu þar sem fyrirhuguð landfylling verður en breiðara fjær framkvæmdasvæðinu í innri hluta fjarðarins.


Við Gróunes var fjaran samfelldari og einkenndist af tveimur meginbeltum: sandmaðksleiru ofar í fjörunni og marhálmsbelti neðar. Blettur af kræklingaleiru, þar sem kræklingur var ríkjandi, fannst í innri hluta landfyllingarsvæðisins.

Innri svæðin við Barm og Torfnes einkenndust bæði af dæmigerðri beltaskiptingu skjólsælla fjara. Þangfjörur voru efst í fjörunni, síðan sandmaðksleirur og neðst áberandi marhálmsbelti sem var þéttara neðarlega í fjörunni.

Í innri hluta fjarðarins, við Hólmarif, var marhálmur ekki til staðar. Á þessu svæði voru ríkjandi leirur með sandmaðki og ánum, að minnsta kosti þar sem leirinn var ekki það þéttur að hann væri lífvana.



Kort 5. Vistgerðir og staðsetning sýnatökustöðva í Djúpafirði í grennd við landfyllinguna. Landfyllingin sést á myndinni en var gerð eftir að könnunin fór fram.



Kort 6. Vistgerðir og staðsetning sýnatökustöðva í innri hluta Djúpafjarðar.


Gufufjörður

Fjöruvistgerðir sem fundust í Gufufirði, ásamt staðsetningu sýnatökustöðva, eru sýndar á kortum 7 og 8.


Fjaran við Gróunes einkenndist af klöppum (klettagöngum) sem náðu frá landi og voru að mestu vaxnar klóþangi. Á milli klappanna voru sandmaðksleirur, en marhálmur var ríkjandi neðar í fjörunni, sérstaklega innan landfyllingar.

Melanesmegin var fjaran einsleitari, með belti af setfjöru sem einkenndist af sandmaðki ofan við marhálmsbelti. Á þessu svæði var mikið um þangvaxna hnullunga og mætti því einnig flokka vistgerðina sem blöndu af sandmaðksleiru og þangfjöru á skjólsælu strandsvæði.

Innri hlutar fjarðarins einkenndust af þéttu leirseti, sem víða var að mestu lífvana. Marhálm var þar hvergi að finna.



Kort 7. Vistgerðir og staðsetning sýnatökustöðva í Gufufirði í grennd við landfyllinguna. Landfyllingin sést á myndinni en var gerð eftir að könnunin fór fram.



Kort 8. Vistgerðir og staðsetning sýnatökustöðva í innri hluta Gufufjarðar.

UMRÆÐUR

Eins og lýst var að framan var aðgreining milli vistgerðarflokka ekki alltaf skýr og taka ætti tillit til viðbótarupplýsinga sem safnað var þegar framtíðarbreytingar verða metnar.

Til að gera nákvæmt en jafnframt yfirgripsmikið kort af vistgerðum voru settir þröskuldar fyrir fjölda einstaklinga einkennandi tegunda hvers vistgerðarflokks. Þessir þröskuldar voru miðaðir út frá tegundasamsetningu svæðisins og því hugsanlegt að þeir henti einungis svæðisbundið.

Aðferðafræðin var borin saman við þá hjá Agnari Ingólfssyni (Agnar Ingólfsson, 1975) og vistgerðarflokkunina í Fjölriti 54 (Ottósson Jón G., 2016). Matskalar þessarra tveggja verka voru álíka meðan okkar kortagerð er í ítarlegri upplausn. Meginmunur á útbreiðslu búsvæða í þessum eldri kortlagningum og þeirrar sem hér var gerð er útbreiðsla marhálmsgræða. Agnar kortlagði þetta búsvæði eingöngu í innri hluta Djúpafjarðar á meðan við fundum marhálm dreifðann í öllum þremur fjörðunum. Í Þorskafirði voru marhálmsgræður algengar alla vega inn að Vaðli. Í Gufufirði voru marhálmsgræður hinsvegar eingöngu umhverfis Melanes. Niðurstöður okkar samræmast útbreiðslunni sem Hafdís kortlagði árið 2016 (Hafdís Sturlaugsdóttir, 2016). Könnun Agnars og kort af fjöruvistgerðum á heimasíðu Náttúruverndarstofnunar sem gert var síðar virðast vanmeta þéttleika marhálms á þessu svæði. Hugsanleg skýring er að um 1930 kom upp sjúkdómur

í marhálmi sem dreifðist um Norður-Atlanshafið. Sjúkdómurinn, „Wasting disease“, náði einnig til Íslands og tók það marhálminn langan tíma að ná aftur fyrri útbreiðslu (Karl Gunnarsson, 2010).

Agnar flokkaði leirur í botni Þorskafjarðar sem „pípuormaleirur“. Í þessari athugun var það svæði hinsvegar blandað meiri sandi og með fleiri en 3 sandmaðka á fermeter svo hér var svæðið flokkað sem sandmaðksleira þótt pípuormar hafi líka verið til staðar.

Í Fjölriti 54 er fjallað um gulþörungaleirur í austari hluta Djúpafjarðar. Þessi vistgerð vísar til þörungsins *Vaucheria velutina* sem ræktaður var frá sýnum sem Karl Gunnarsson tók árið 1981. Við fundum þörunginn ekki í okkar athugunum en getum ekki útilokað tilvist hans.

Annar munur er að mestu tengdur nöfnum vistgerðarflokka og hve nákvæm kortin eru (skala). Agnar notaði flokkunina sandmaðksleirur með kræklingadreif fyrir sandfjörur með sandmaðki og kræklingi, þéttleiki kræklings var þó undir 5%. Í Þorskafirði flokkaði Agnar svæði í nágrenni núverandi fyllinga sem sandmaðksleirur með kræklingadreif og var hún algengasta gerðin árið 1975. Í þessari athugun fundum við svæði þar sem kræklingur var ríkjandi í austari hluta fjarðarins og flokkuðum það sem kræklingaleiru en svæðið var flokkað sem sandmaðksleirur í Fjölriti 54. Við Þórisstaði fundum við að mestu svæði sem einkendust af marhálm með sandmaðk. Þennan mun má hugsanlega rekja til framkvæmda vegna Vestfjarðarlínu á níunda áratugnum. Þá var gerður slóði frá Kríueyri til að setja upp rafmagnsstaur í miðjan fjörðinn og sinna viðhaldi hans. Þessi slóði gæti hafa breytt hreyfingu sjávar og setmyndun á svæðinun og valdið breytingunum.

Í Djúpafirði og Gufufirði einkenndust strandsvæðin við vestari hluta Hallsteinsness og Gróness af klettagöngum út frá landinu með svæðum með fínu seti á milli. Agnar (1975) kallaði Þetta búsvæði *Klettagangar með leiruskikum á milli* en í Fjölriti 54 er það flokkað sem Klóþangsklungur. Í okkar athugun voru gangarnir teiknaðir á kortið og athugunum beint að sethlutanum.

Hnullungar vaxnir þangi (aðallega klóþangi), voru algengir í nær öllum vistgerðum. Þekjan var metin á vettvangi og sett fram sem hlutfallsleg þekja (%) sem oftast var um 25% en náði þó upp að 60% þekju. Svæði með miklum þéttleika hnullunga voru flokkuð sem Þangfjörur hjá Agnari og Klóþangsklungur í Fjölriti 54. Þar sem við unnum með nákvæmara kort var reynt að aðgreina svæði með ríkjandi fucoid tegundum og svæðum með seti í tvö ólík búsvæði.

Útbreiðsla þaraskógarvistgerðar er byggð á loftmyndum fremur en vettvangsathugunum og þéttleiki þara var ekki mældur.

Vettvangsathuganir ásamt niðurstöðum rannsókna á dýrasamfélögum sýna að: sandmaðkur kýs leðju/sand fjörur með fíngerðum sandi. Á sandmaðksleirum er meðal fjöldi sandmaðka sýnilegur á vettvangi 7,5 ormar á m^2. Á svæðum með 30-55% þekju marhálms var þéttleiki sandmaðks um 2 einstaklingar á m^2. Á svæðum þar sem þéttleiki marhálms var 60% eða meiri var þéttleiki sandmaðks lítill eða enginn og einungis ungir (juvenile) einstaklingar fundust í dýrasýnum en sáust ekki á vettvangi.

Í sýnum úr kræklingaleirum og pípuormaleirum voru ungir sandmaðkar oft greindir, þótt tilvist þeirrar tegundar hafi ekki verið skráð eða verið augljós við vettvangsathuganir.
Þar sem einungis yngri einstaklingar sandmaðks voru á þessum svæðum er hugsanlegt að þau gegni hlutverki uppeldissvæða fyrir sandmaðk í fjörðunum.
Pípubyggjandi bursatormar eins og mottumaðkur fundust í öllum sýnum með leðjusandi sem undirlag. Ormarnir voru nær alltaf til staðar þegar sandmaðkur fannst.

Set milli hnullunga með fucoid tegundum (þangklúngur) innihélt langoftast pípubyggjandi burstaorma og ána frekar en sandmaðk. Burstaormarnir *Brada inhabilis* og *Bradabyssa villosa* fundust oftast saman og nær alltaf í vistgerðum þar sem marhálmur var ríkjandi, að undanskilinni stöð Þ10. Marhálmsgræður dreifa úr sér á sandundirlagi og þá helst á fínum sandi. Mæruskel (*Turtonia minuta*), mærudoppa (*Skeneopsis planorbis*), baugasnotra (*Onoba aculeus*) og kræklingur (*Mytilus edulis*) voru ríkjandi tegundir í þörungasýnum.

HEIMILDIR

Agnar Ingólfsson. (1976). *Forkönnun á lífríki Gilsfjarðar, Djúpafjarðar, Gufufjarðar og nærliggjandi fjarða*. Líffræðistofnun Háskólans. *Fjölrit nr. 8*.1-51.

Hafdís Sturlaugsdóttir. (2016). *Útbreiðsla marhálms frá Stað að Skálanesi í Reykhólahreppi*. NV nr. 13-16. Náttúrustofa Vestfjarða.

Helga Aðalgeirsdóttir (ritstj.), Sóley Jónasdóttir, Kristján Kristjánsson og Reynir Óli Þorsteinsson. (2017). *Vestfjarðavegur (60) milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi. Mat á umhverfisáhrifum*. [*Matsskýrsla]*. Vegagerðin.

Hulda Birna Albertsdóttir. (2025). *Marhálmur í Þorskafirði Djúpafirði og Gufufirði*. *Vegagerð á milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi*. [NV 14-25]. Náttúrustofa Vestfjarða.

Hulda Birna Albertsdóttir, Cristian Gallo, Hafdís Sturlaugsdóttir, Sigurður Halldór Árnason. (2021). *Náttúra Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar. Grunnrannsóknir, endurheimt og vöktun*. NV nr. 10-21. Náttúrustofa Vestfjarða.

Hulda Birna Albertsdóttir, Cristian Gallo, Anja K.Nickel . (óbirt). *Náttúra Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjaraðar, vöktunaráætlun. Vegagerð milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi*. Náttúrustofa Vestfjarða.

Ingimar Óskarsson, Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson, 1977. *Stranddoppa (Hydrobia ventrosa) á Íslandi*. Náttúrufræðingurinn, 47: 8 -15.

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. *Vistgerðir á Íslandi*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54, 299 s.

Karl Gunnarsson, 1985. *The genus Vaucheria (Xanthophyceae) in Iceland. I. Marine and brackish water species from west Iceland*. Acta Botanica Islandica, 8: 21 - 27.

Karl Gunnarsson (2010). *Marhálmur – Zostera marina*. Fjaran og hafið.

Náttúrufræðistofnun Íslands. (2024, mars). *Vistgerðakort*. ni.is. https://vistgerdakort.ni.is/

Reykhólahreppur. (2020). *Framkvæmdaleyfi vegna Vestfjarðarvegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi*. Reykhólahreppur.

Skarphéðinsdóttir Halldóra, Gunnarsson Karl, 1997. *Lífríki sjávar í Breiðafirði. Yfirlit rannsókna. A review of litterature on marine biology in Breiðifjörður*. Fjölrit nr. 63.

Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson. (2005). *Fjörur í Gufudalssveit. Þorskafjörður, Djúpifjörður og Gufufjörður*. NV nr. 7-05. Náttúrustofa Vestfjarða.

ÞAKKIR

Ég þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við þessa rannsókn. Margrét Thorsteinsson, Sigurður H. Árnason, Sigurlaug Sigurðardóttir, Bernadette Ringler, Guðmundur A. Kristinnson, Nadine Rother tóku þátt í sýnatöku. Sérstakar þakkir fá Nicole Sühring fyrir vinnu við úrvinnslu dýrasýna og Karl Gunnarson fyrir greiningu þörunga. Kristjana Einarsdóttir og Freyja R. Pedersen aðstoðuðu við íslenskan texta.

VIÐAUKI I

Tafla 1. Sýnatökustöðvar í Þorskafirði, hnit, fjöldi- og gerð sýna.

Stöð	Fjöldi				Hnit	
	Rammar	Dýrasýni	Steinasýni	Þörungasýni	X	Y
Þ1	3	3			357132	570652
Þ2	3				356989	570533
Þ3	3	3			356833	570407
Þ4	3	3			356632	570246
Þ5	3	3			357261	570276
Þ6	3				357080	570103
Þ7	3	3			356896	569933
Þ8				2	354152	567785
Þ9	3	3		2	354266	567792
Þ10	3	3		1	354150	567583
Þ11	3	3		2	354105	567461
Þ12				2	354086	567418
Þ13	3	1		1	353891	567483
Þ14	3	3			353943	567398
Þ15	3	3			353804	567448
Þ16	3	3			353760	567473
Þ17	5				353723	567492
Þ18	3	3			353600	567298
Þ19	3	3			353664	567229
Þ20	3	3		1	353849	567185
Þ21	3	3			353629	567149
Þ22	3	3		1	353712	567092
Þ23	3	3		1	353819	567059
Þ24	3				353587	567095
Þxx					353488	566823
Þ25	3				353270	566795
Þ26	3	3		1	353592	566787
Þ27	3				353396	566232
Þ28	3	3			354639	567367
Þ29	3	3			354605	567282
Þ30	3				354704	567188
Þ31	5				354660	567121
Þ32	3	3		1	354601	567140
Þ33	3	3		3	354537	567169
Þ34	3	3			354445	567193
Þ35	3				354594	566955
Þ36	3	3		1	354456	566960
Þ37					354586	566846
Þ38	3	3		1	354534	566863
Þ39	3	3			354403	566824
Þ40	5	3		1	354485	566741
Þ41	3	1		1	354352	566634
Þ42	3				354377	566530
Þ43	3				354367	566369
Þ44	3	3	8	2	354495	565894
Þ45	3	3		2	354289	565797
Þ46					354243	567225
Þ47					354905	567909
Þ48	5				354343	568457
Þ49	3	3		2	354407	568464
Þ50	3				354498	568468
Þ51	3	3		1	355437	568609
Þ52	3	3		2	355174	568445
Þ53	0	3*			355450	569045
Þ54	0	2*			356017	569463

Tafla 2. Sýnatökustöðvar í Djúpafirði, hnit, fjöldi- og gerð sýna.

Stöð	Fjöldi				Hnit	
	Rammar	Dýrasýni	Steinasýni	Þörungasýni	X	Y
D1	9	3	2	2	344465	563165
D2	5	3			344588	563140
D3					344541	563054
D4	9	3	3	3	344492	563287
D5					344600	563257
D6	9	3	2	2	344642	563239
D7	9	2	3	2	344623	563429
D8	9	2	2	2	344667	563405
D9					344688	563588
D10	9				345809	562931
D11	9	3	3	3	345781	562750
D12	9				345637	562841
D13					345461	562800
D14	9				345384	562956
D15					345316	563083
D16					345258	563132
D17		1			345237	563294
D18	9	3	2	2	345392	563447
D19	9				345482	563586
D20	3				345630	563740
D21	3				345706	563788
D22	9	3	3	3	346050	564025
D23	9	3	4	2	347594	564950
D24	9				347500	565011
D25	9	3	3	2	347443	565069
D26	9		1	1	347347	565149
D27	9	3			347450	565257
D28	9		2	1	347605	565199
D29	6		2	2	347717	565142
D30	9	1			345981	565323
D31	9	3	2	2	346084	565179
D32	9	3	2	2	345782	564923
D33	9	1	3		345744	565010
D34	6	3			347975	567367
D35	9	3			347931	567216
D36	9	3	1	1	347880	567028
D37	9				345556	563301
D38	9				345365	563256
D39	9				345282	563275
D40	3				345557	563519
D41					345733	563241

Tafla 3. Sýnatökustöðvar í Gufufirði, hnit, fjöldi- og gerð sýna.

Stöð	Fjöldi				Hnit	
	Rammar	Dýrasýni	Steinasýni	Þörungasýni	X	Y
G1					342803	563310
G2	9	3	2	2	342945	563366
G3	9	3	2	2	343059	563430
G4	9	3			343158	563457
G5					342837	563503
G6	9	3	2	2	342987	563603
G7	9	3	3	2	342728	563691
G8	9	3	3	2	342955	563715
G9					343726	563336
G10					343561	563465
G11	5		2	2	343507	563582
G12		3	3	1	343408	563612
G13	9	3			343391	563498
G14			2	2	343391	563421
G15					343405	563349
G16	9	1	2	2	343409	563302
G17		1			343456	563180
G18		3			343557	563093
G19					343669	563156
G20	9	3	2	2	343800	563101
G21					343909	563054
G22					344135	562975
G23	9	3			343160	565296
G24	9	3	2		343062	565344
G25	9	3			343033	565567
G26	9	3			343099	565660
G27	9	3			342559	566151

Tafla 4. Fjöldi sandmaðks (Arenicola marina), þekja marhálms (ellgrass) og hnullunga með þangi. Gerð yfirborðs, áberandi tegundir, gerð búsvæðis og algengustu þörungarnir á sýnatökustöðum í Þorskafirði (Þ).

Stöð	Fjöldi Sandmaðka m²ucoids	Þekja (%) Hnullungar	Þekja (%) Marhálms	Þykkt mjúks lags (cm)	Algengasta yfirborðslagið	Einkennistegund um vistgerð	Vistgerð	Auka upplýsingar um vistgerð	Þekja (%) Helstu þörungategundir
Þ1	51,7			3	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		
Þ2	6,3			3	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		
Þ3	15		1	3	Fínn sandur	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		
Þ4	11,3		1	3	Fínn / gróft sandur	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		
Þ5	13,6			3	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		
Þ6	13			3	Fínn / gróft sandur	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		
Þ7	7,6			3	Fínn / gróft sandur	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		
Þ8	ns	35	60	3	Leðja blönduð sandi	Marhálmur ≥ 55%	Marhálmsgræður	með þangvaxinna steina	F. vesiculosus 20%, F. distichus/Palmaria p. 5%, Ascophyllum n./Chorda f. <5%
Þ9		25	63	4	Leðja blönduð sandi	Marhálmur ≥ 55%	Marhálmsgræður	með þangvaxinna steina	F. distichus 10%, Palmaria palmata 5%, F. vesiculosus <5%
Þ10		5		3	Gróf sandur	Kræklingur/ söl	Kræklinga- og Sölvaóseyrar		Ulva prolifera 25%, F. vesiculosus 5%
Þ11	ns	5	78	3	Leðja blönduð sandi	Marhálmur ≥ 55%	Marhálmsgræður		Ascophyllum n./F. vesiculosus 5%
Þ12		10			Hnullungar	Bólupang	Bólupangsfjara		F. vesiculosus 60%, Ascophyllum n./Palmaria palmata 10%
Þ13	2,6	20	30	4	Leðja blönduð sandi	Marhálmur ≥ 30%	Marhálmsgræður	með sandmaðkur/pípuormar/ánar	F. vesiculosus/Ascophyllum n. 10%, Chorda f./Chordaria f.<5%
Þ14	2,3	15	45	4	Fínn sandur	Marhálmur ≥ 30%	Marhálmsgræður	með sandmaðkur/pípuormar/ánar	F. vesiculosus/Ascophyllum n. 10%, Palmaria p. 5%, Chordaf./Chordaria f. <5%
Þ15	5	5	5	5	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar/ánar	F. vesiculosus/Ascophyllum nodosum <5%
Þ16	6,3	5	1	5	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar/ánar	F. vesiculosus/Ascophyllum nodosum <5%
Þ17	0	100			Klöpp	Klöpp	Klöpbangsfjara		Ascophyllum nodosum 100%
Þ18	4			5	þétt leðja	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar/ánar	F. vesiculosus/Ascophyllum nodosum <5%
Þ19	3,3	10	1	4	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar/ánar	F. vesiculosus/Ascophyllum nodosum/Chorda f. 5%
Þ20	2,3	20	56,6	4	Leðja blönduð sandi	Marhálmur ≥ 55%	Marhálmsgræður	með sandmaðkur	F. vesiculosus/distichus 10%, Chorda f./Chordaria f./Palmaria p. 5%
Þ21	6	30	10	4	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar/ánar	F. vesiculosus/Ascophyllum n. 15%, Chorda f./Chordaria f.<5%
Þ22	3,3	20	50	4	Leðja blönduð sandi	Marhálmur ≥ 30%	Marhálmsgræður	með sandmaðkur	F. vesiculosus/distichus 10%, Chorda f./Chordaria f./Palmaria p. <5%
Þ23	2,6	10	15	3	Leðja blönduð sandi	Marhálmur/ sandmaðkur/ánar	Óskilgreind		Palmaria p./F. vesiculosus 10%, F. distichus <5%
Þ24	4	20	30	3	Fínn sandur	Marhálmur/ sandmaðkur	Marhálmsgræður		
Þx				5	Gljúp leðja		Ánlíf		
Þ25	3	30	46,6	3	Leðja blönduð sandi	Marhálmur/ sandmaðkur/ánar	Marhálmsgræður		Ascophyllum n. 15%, F. vesiculosus 10%, Palmaria palmata 5%
Þ26	1	30	53	3	Leðja blönduð sandi	Marhálmur ≥ 30%	Marhálmsgræður	með þangvaxinna steina	F. vesiculosus/ F. distichus 10%, Ascophyllum n./Palmaria p./Chorda f. <5
Þ27	1,7	25	60	3	Leðja blönduð sandi	Marhálmur ≥ 55%	Marhálmsgræður		F. vesiculosus/Ascophyllum n. 15%, F. distichus/Palmaria p. 5%
Þ28	1	25	15,3	3	Fínn / gróf sandur	Marhálmur/ sandmaðkur/ánar	Óskilgreind		F. vesiculosus 15%, Palmaria p./F. distichus 10%, Chorda f. <5%
Þ29	1,7	20	5	3	Fínn sandur/ möl	Kræklingur	Kræklingaleira		Chorda f. 15%, Chordaria f./braun un.id. 5%, Palmaria p.<5%
Þ30	3,7	5	1	4	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar/ánar	Chorda f. <5%
Þ31		100			Klöpp	Klöpp	Klöpbangsfjara		Ascophyllum nodosum 90%, F. vesiculosus 10%
Þ32	1,3	25	5	2	Fínn sandur	Kræklingur	Kræklingaleira		Chorda f. 10%, Chordaria f./Ceramium sp. <5%
Þ33	0,3	35	15	1	Fínn sandur	Kræklingur	Kræklingaleira	með pípuormar/ánar og sandmaðkur	F. vesiculosus 20%, Ascophyllum n./F. distichus 10%,Palmaria p./ braun alga e un.id. 5%
Þ34		5		0	Möl/ smásteinar	Kræklingur	Kræklingaleira		Chordaria f. 25%, Palmaria p.10%, F. vesiculosus/F. distichus/Ulva prol. 5%
Þ35	4	10		4	þétt leðja	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar/ánar og kræklingur	
Þ36	ns	25	91,6	3	Leðja blönduð sandi	Marhálmur ≥ 55%	Marhálmsgræður		F. vesiculosus/distichus 10%, Chorda f. <5%
Þ37		100			Klöpp	Klöpp	Klöpbangsfjara		Ascophyllum nodosum 100%
Þ38	2,3	10	1	4	þétt leðja	Sandmaðkur	Sandmaðkleira	með pípuormar/ánar	Chorda filum <5%
Þ39	ns	20	93,3	3	Leðja blönduð sandi	Marhálmur ≥ 55%	Marhálmsgræður		F. vesiculosus 10%, Ascophyllum n./Palmaria p./Chordaria f. 5%
Þ40	3	40		4	þétt leðja	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar/ ánar og þangvaxinna steina	Ascophyllum nodosum 30%, F. vesiculosus 10%
Þ41		10	1	3	Leðja blönduð sandi	Kræklingur	Kræklingaleira		F. vesiculosus/Palmaria p./ Ulva spp. 5%
Þ42	16,6	30		4	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðkleira		F. vesiculosus/F. distichus 15%, Palmaria p./Chorda f. 5%
Þ43	19,3	25		4	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðkleira		F. vesiculosus 15%, Ascophyllum n. 10%
Þ44	1	30	1	3	Leðja blönduð sandi	Fabricia s./Pygospio e./ánar	Pípuormaleira	með sandmaðkur og þangvaxinna steina	Ascophyllum n. 10%, F. vesiculosus/Chorda f. 5%
Þ45		35	8,3	1	Sandur/ möl	Kræklingur	Kræklingaleira	með marhálmur	Ascophyllum n. 20%, F. vesiculosus/distichus/Chorda f. 5%, braun un.id 5%
Þ46		10		2	Gróf sandur/ möl	þari, söl	þang (söl,keip)		Keip/Palmaria p. 30%. Porifera 5%
Þ47	ns	20	70	3	Leðja blönduð sandi	Marhálmur ≥ 55%	Marhálmsgræður		F. vesiculosus/Ascophyllum nodosum 10%
Þ48		100			Klöpp	Klöpp	Klöpbangsfjara		Ascophyllum nodosum 100%
Þ49	4,7	25	63,3	3	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðkleira	með pípuormar/ánar	Ascophyllum n. 15%, F. vesiculosus 10%, Chorda f. <5%
Þ50	2,3	15		3	Leðja blönduð sandi	Marhálmur ≥ 55%	Marhálmsgræður		F. vesiculosus/distichus/Ascophyllum n./Chorda f./Chordaria f. 5%
Þ51	6,3	30		4	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðkleira		F. vesiculosus/ Ascophyllum nodosum 15%
Þ52	1,7	15	60	4	Leðja blönduð sandi	Marhálmur ≥ 55%	Marhálmsgræður	með pípuormar/ánar	F. vesiculosus/F. distichus/Chorda f./Chordaria f. 5%
Þ53	ns	?	20	?	Sandur/ smásteinar	Burstaormar	Óskilgreind	með marhálmur	ns
Þ54	ns	?	5	?	Sandur/ smásteinar	Burstaormar	Óskilgreind	án marhálmur	ns

Tafla 5. Fjöldi sandmaðks, þekja marhálms og hnullunga með þangi. Gerð yfirborðs, áberandi tegundir, gerð búsvæðis og algengustu þörungarnir á sýnatökustöðum í Djúpafirði (D).

Stöð	Fjöldi sandmaðka m fucoids	Þekja (%) hnullunga	Þekja (%) marhálms	Algengasta yfirborðslagið	Einkennistegund	Vistgerð	Auka upplýsingar um vistgerð	Þekja (%) helstu þörungategundir
D1	1,9	20	2	Þétt leðja/sandur	*Fabricia s./Pygospio e./ánar*	Pipuormarleira	með sandmaðkur	*F. vesiculosus/Ascophyllum n. 20%, Chordaria f.5%, Ulva p./* other <5%
D2	1	5	1	Fínn sandur	Kræklingur með *Naineris q.*	Kræklingaleira?	brún þaðrungar	Braun algae (no fucoids) 70%, *Chordaria f. 30%, Dictyosiphon f./Chorda f.15%*
D3	3	20	50	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 30%	með sandmaðkur og kræklingur	*Fucus vesiculosus/Ascophyllum n. 20%*
D4	5,8	20	1	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		*Ascophyllum n. 20%, F. vesiculosus 5, Chordaria f./Chorda f.<5%*
D5	4	25	5	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		*F. vesiculosus 20%, F. distichus 5%, Chorda filum<1%*
D6	1,1	30	12	Gróf sandur/ möl	*Fabricia s./ ánar/Naineris q.*	Óskilgreind	brún þaðrungar	*Chordaria f. 20%, F. vesiculosus/Ascophyllum n./Chorda f. 10%,* braun unidentified 5%
D7	2,9	35	0	Gróf sandur/ möl	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		*Ascophyllum n. 15%, F. vesiculosus/* braun un.id. 5%
D8	3,8	25	47	Leðja blönduð sandi	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 30%	með sandmaðkur	*Chordaria f. 25%, F. vesiculosus/Chorda filum 10%,* braun un.id. 5%
D9	2	20	60	Leðja blönduð sandi	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 55%		*Fucus vesiculosus 20%, Chorda f./Chordaria f. <5%*
D10	5,9	10	0	Þétt leðja	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar	*Ascophyllum n./F. vesiculosus 10%, Fucus spiralis<5%*
D11	3,4	35	1	Þétt leðja	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar	*Ascophyllum n./F. vesiculosus 35% , (Chorda f./Chordaria f./Ectocarpus spp.) 10%*
D12	1,7	15	5	Leðja blönduð sandi	Brún þörungar (no fucoids)	Óskilgreind	60% þekja	*Ectocarpus f. cf 25%, F. vesiculosus./Chordaria f./ braun un.id. 10%, Chorda f./Dictyosiphon f. 5%*
D13	07	15	50	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 30%	brún þaðrungar	*Laminaria d. 20%, Ectocarpus spp. 15%* ,braun algae un.id 15%, *Coralina o./porifera 5%*
D14	1,5	5	25	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 30%	brún þaðrungar	*Ectocarpus f. cf 25%, Chordaria f./Chorda f./ Cladophora s. 10%,* braun algae un.id. 15%
D15	4	10	0	Þétt leðja	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		*Fucus vesiculosus 10%,* green algae un.id. <5%
D16	1	10	0	Klöpp	Klöpang	Klöpangfjara		*Ascophyllum n. 80%, F. vesiculosus/spiralis 10%*
D17	0,4	10	90	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 55%		*Chorda filumtomentosa <5%*
D18	2,2	20	60	Leðja blönduð sandi	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 55%	með pípuormar	*Ectocarpus spp. 10%, Chorda f./Chordaria f. 5%,* braun algae un.id. <5%
D19	5,8	10	35	Leðja blönduð sandi	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 30%	með sandmaðkur	*Ectocarpus spp./Chordaria f. 10%, Chorda f./* braun un.id. 5%
D20	2,7	15	15	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar	*Chorda f. 10%, Palmaria palmata/Ulva prolifera 5%*
D21	6	15	0	Leðja blönduð sandi/möl	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar	*Ascophyllum n./F. vesiculosus 10%, F. spiralis <5%*
D22	3,2	70	5	Leðja blönduð sandi	Klöpang	Klöpangsklungur	með sandmaðkur	*Ascophyllum n. 50%, F. vesiculosus 10%, F. distichus 5%*
D23	6,9	25	14	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar	*Ascophyllum n. 20%, F. vesiculosus/Chorda filum <5%*
D24	2	30	14	Leðja blönduð sandi	*Fabricia s./Pygospio e. /ánar*	Pípuormarleiru/klöpangsklungur	með klöpang og sandmaðkur	*Ascophyllum n. 20%, F. vesiculosus/Chorda f./ Chordaria f. 5%*
D25	1,4	20	31	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 30%	með pípuormar	*F. vesiculosus 10%, Ascophyllum n./Chorda f./Chordaria f./Ectocarpus spp. 5%. No Vaucheria spp.*
D26	0,2	5	85	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 55%		*Chorda f./Chordaria f./* braun algae un.id. 5%, *Palmaria p.<5*
D27	0,8	5	85	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 55%	með sandmaðkur	*Chorda f./t./Cladophora s./* braun algae un.id. 5%
D28	1,6	25	30	Leðja blönduð sandi	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 30%	með pípuormar og sandmaðkur	*F. vesiculosus 15%, Ascophyllum n./Chordaria f. 10%, Chorda f./Ectocarpus spp. 5%.*
D29	2,7	25	21	Fínn sandur	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar og marhálm	*Ascophyllum n. 15%, F. vesiculosus 10%, Chorda f./Chordaria f. <5%*
D30	4,9	15	11	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með litið af pípuormar	*F. vesiculosus 10%, Ascophyllum n./Chorda f./braun un.id. 5%*
D31	2,3	35	50	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 30%	með sandmaðkur	*Ascophyllum n. 30%, F. vesiculosus 5%, (Chordaria f./Ectocarpus spp. cf) 10%. No Vaucheria spp.*
D32	4	35	50	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 30%	með sandmaðkur	*Ascophyllum n. 20%, F. vesiculosus 10%,* braun algae 10%.*No Vaucheria spp.*
D33	6	10	1	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar	*Ascophyllum n./F. vesiculosus 5%*
D34	2,7	0	0	Þétt leðja	*Fabricia s./Pygospio e. /ánar*	Pípuormarleiru	með sandmaðkur	<5%
D35	15,6	0	0	Gróf sandur	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar	<5%
D36	5,2	10	0	Gróf sandur	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með litið af pípuormar	*Ascophyllum n./F. vesiculosus 5%*
D37	2,6	15	<5%	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar	*Ascophyllum n./F. vesiculosus 10%, Chorda f./Chordaria f. 5%,* green algae <5%
D38	0,7	15	<5%	Leðja blönduð sandi	*Fabricia s./Pygospio e. /ánar*	Pípuormarleira		*Ascophyllum n./ Chordaria f. 10%, F. vesiculosus/Chorda f. 5 %,* braun algae un.id. 5%
D39	16,1	10	<5%	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar	*Ascophyllum n./F. vesiculosus/ Chorda f. 5%*
D40	5,3	15	5	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar	*Ascophyllum n./F. vesiculosus/Chorda f./* braun un.id. 5%
D41	0	0	0	Gljúp leðja/ánlíf		Gljúp leðja/ánlíf	með litið af pípuormar	

Tafla 6. Fjöldi sandmaðks, þekja marhálms og hnullunga með þangi. Gerð yfirborðs, áberandi tegundir, gerð búsvæðis og algengustu þörungarnir á sýnatökustöðum í Gufufirði (G).

Stöð	Fjöldi Sandmaðka	Þekja (%) Hnullungar m fucoids	Þekja (%) Marhálms	Algengasta yfirborðslagið	Einkennistegund um vistgerð	Vistgerð	Auka upplýsingar um vistgerð	Þekja (%) Helstu þörungategundir
G1	1	15	0	Gljúp leðja	Klóþang	Klóþangsklungur	með sandmaðkur	*Ascophyllum n. 20%, F. vesiculosus 10%, F.spiralis <5%*
G2	3	25	0	Fínn sandur	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar og ánar	*Ascophyllum n. 20%, F. vesiculosus/Chordaria f./Chorda f. 5%*
G3	2,6	30	20	Gróft sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 30%	með sandmaðkur	*Ascophyllum n. 20%, F. vesiculosus/Chordaria f./Ectocarpus spp. /* braun un.id. 5%
G4	0,9	25	50	Gróft sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 30%		*Chorda filum/tomentosa 10%, Chordaria f./Ectocarpus spp. 5%*
G5	3	30	0	Fínn sandur	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar og ánar	*Ascophyllum n. 20%, F. vesiculosus/Chordaria f./Chorda f. 5%*
G6	0,3	30	1	Gróft sandur/ möl	*Fabricia s./Pygospio e. /ánar*	Pípuormarteiru/ þangklungur	með ánar og *Nereris q.*	*Ascophyllum n./F. vesiculosus/ Chordaria f. 10%, Chorda f./* braun un.id 5%
G7	0,6	30	0	Leðja blönduð sandi	*Fabricia s./Pygospio e. /ánar*	Pípuormarteiru/ þangklungur		*Ascophyllum n./F. vesiculosus 10%,* braun algae un.id <5%
G8	3,1	30	1	Fínn sandur	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar og ánar	Braun algae (no fucoids) 25%, *Palmaria palmata <5%*
G9	3	10	0	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		*Ascophyllum n./F. vesiculosus/Chorda f. 10%*
G10	2	15	1	Gljúp leðja	*Fabricia s./Pygospio e. /ánar*	Pípuormarteiru	með sandmaðkur	*Ascophyllum n. 10%, F. vesiculosus 5%*
G11	1	10	1	Leðja blönduð sandi/ þétt leðja	*Fabricia s./Pygospio e. /ánar*	Pípuormarteiru	með sandmaðkur	*Ascophyllum nodosum 10%, F. vesiculosus 5%, Chorda f./Chordaria f. <5%*
G12	3	20	30	Leðja blönduð sandi	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 30%	með sandmaðkur og pípuormar	*Ascophyllum n./F. vesiculosus 10%, Chorda f. 5%,* green/red algae <5%
G13	0,7	20	56	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 55%	með sandmaðkur ívanlie	*Ascophyllum n. /F. vesiculosus 15%, Chordaria f. 10%, Chorda f. 5%,* braun un.id. <5%
G14	1	20	70	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 55%		*Cystoclonium spp. 10%, Chorda f./ Palmaria palmata 5%*
G15	1	20	70	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 55%		*Ascophyllum n./F. vesiculosus/Chorda f./Chordaria f. 10%, Palmaria palmata/ Cystoclonium spp.<5%*
G16	1,4	15	76	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 55%		*F. vesiculosus/Chorda f. /Chordaria f. 5%*
G17	0	5	80	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 55%	með sandmaðkur ívanlie	*Chorda f. 20%, F. vesiculosus/Chordaria f./Cystoclonium sp. 10%, Palmaria palmata /*braun un.id. 5%
G18	0	5	80	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 55%	með sandmaðkur ívanlie	*Chorda f./Chordaria f. 10%, F. vesiculosus 5%, Cystoclonium spp. <5%*
G19	2,3	10	0	Leðja blönduð sandi	*Fabricia s./Pygospio e. /ánar*	Pípuormaleira	með sandmaðkur	*Chorda filum/ tomentosa <5%*
G20	4,8	30	1	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		*Ascophyllum n./Chordaria f. 10%, F. vesiculosus/Chorda f./Ectocarpus spp. 5%*
G21	6	20	1	Leðja blönduð sandi	Sandmaðkur	Sandmaðksleira		*Ascophyllum n. 10%, F. vesiculosus/Chorda f. 5%*
G22	3	10	30	Fínn sandur	Marhálmur	Marhálmsgræður ≥ 30%		*Chorda spp. 20%*
G23	2,6	5	5	Gróft/ fínn sandur	Kræklingur/ sól	Kræklinga og Söluvöðsbyrar	með sandmaðkur	*Chorda spp./Palmaria palmata <5%*
G24	3,6	0	1	Gróft sandur	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með ánar	*Ascophyllum n./F. vesiculosus 5%*
G25	12,2	1	1	þétt leðja	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar	*Ascophyllum n./F. vesiculosus 5%*
G26	6,1	0	0	þétt leðja	Sandmaðkur	Sandmaðksleira	með pípuormar	*Ascophyllum n./F. vesiculosus 5%*
G27	0	0	0	Leðja blönduð sandi	*Fabricia s./Pygospio e. .*	Pípuormarteiru	með ánar	*Ascophyllum n./F. vesiculosus 5%*

Tafla 7. Samsetning dýrasamfélaga úr setsýnum (400 cm²) úr Þorskafirði. Neðst í töflunni eru upplýsingar um fjölda tegunda/hópa á stöð og heildarfjölda einstaklinga á stöð. Stöðvar Þ53 og Þ54 voru teknar af sjávarbotni með Van Veen greip að stærð 200 cm².

Stöð	Þ1	Þ3	Þ4	Þ5	Þ7	Þ9	Þ10	Þ11	Þ13	Þ14	Þ15	Þ16	Þ18	Þ19	Þ20	Þ21	Þ22	Þ23	Þ26	Þ28	Þ29	Þ32	Þ33	Þ34	Þ36	Þ38	Þ39	Þ40	Þ41	Þ44	Þ45	Þ49	Þ51	Þ52	Þ53	Þ54	Fjöldi
Species/ groups																																					
Gastropoda												1,3												1,3	1,3												
Diaphana minuta																							1,3														2,7
Hydrobia sp.												32,0												40,0													1,3
Lacuna pallidula						0,3																															72,0
Lacuna sp.																2,3																					2,7
Lacuna vincta									5,3														0,7														6,0
Littorina obtusata						0,3																															1,7
Littorina saxatilis						0,7					4,0				9,3	9,3	5,3	0,7	0,7			8,0	24,7	12,0	18,7	10,7	2,7			12,7					22,0	137,3
Littorina spp.																														0,7					48,5	52,8
Margarites helicinus						10,0	2,0	5,3	1,3						0,3		1,0	1,0	0,7														1,3		2,7	4,0	19,0
Margarites sp.						10,7	0,7	0,3	6,7						46,7	6,7	16,0	1,0	0,3	1,0	7,7	2,0	7,0	6,7													210,0
Nucella lapillus																1,3	0,7						17,3	1,3	16,0					9,0		1,3	0,7			115,3
Nudibranchia																			2,7	0,3	5,3	0,7	1,3													23,3
Omalogyrus atomus						64,0	3,3	358,7							65,3	78,7	34,7		35,0				0,7	33,3	50,7	180,0		22,7			104,0			2,0			0,7
Onchidoris muricata							0,3																														1073,3
Onoba aculeus						328,7	115,0	393,7	142,0	104,0	260,0	144,0	18,0	67,7	280,0	290,7	225,3	10,0	423,3	268,3	110,3	283,0	184,7	205,7	305,3	74,0	144,0	81,0	18,0	622,3		42,7	79,3	21,3			5083,3
Onoba semicostata						5,3																															5,3
Retusa pertenuis																																					1,3
Skeneopsis planorbis																									1,3												5,3
Skeneopsis spp.					2,7	324,0	610,0	570,0	330,0	13,3	186,7	253,7	30,7	8,7	40,3	320,0		5,3	704,7	323,7	457,3	837,0	1188,0	1832,3	569,3	57,3	137,3		716,0	46,3	3079,7	4,0	151,3	148,0	2,0	12488,7
